

**Sp.**

## **98. Tillaga til þingsályktunar**

[96. mál]

um langtímaáætlun um þróunarsamvinnu.

Flm.: Árni Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Þróunarsamvinnustofnun Íslands gera fimm ára áætlun um aukinn stuðning Íslendinga við þau ríki sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar verði þær, að framlög hins opinbera nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar í lok áætlunartímabilsins, jafnhliða því sem stuðlað verði að því, að frjáls framlög almennings verði 0.3% — eða aðstoðin samtals 1% af þjóðarframleiðslu. Til að ná þessu marki verði við það miðað að tvöfalda opinbert framlag á hverju ári næstu árin.

### Greinargerð.

Hér á landi eru fjárframlög til þessa málaflokks langt frá því að vera sambærileg við þann stuðning sem önnur Norðurlönd veita. Það er yfirlýst markmið Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar hafa aðhyllst, að 1% þjóðarframleiðslu þróaðra þjóða renni til aðstoðar við þau lönd sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni. Þá er miðað við að opinber framlög nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar, en einkaframlög 0.3%.

Í fjárlagafrumvarpi 1983 er gert ráð fyrir að framlög til þróunarmála nemi 26 631 000 kr., sem er um 0.065% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt þessum tölum lækka framlögin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu frá því sem nú er. Flutningsmönnum er ljóst að hér á landi er við efnahagsörðugleika að etja, en þeir réttlæta ekki lækkun á þessu framlagi til þróunarlandanna.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir því, að framlög til alþjóðastofnana vegna þróunaraðstoðar hækki um 33% frá fjárlögum 1982. Nær allar þessar stofnanir nota dollara í fjárhagsáætlunum sínum, og vegna mikilla breytinga á gengi íslensku krónunnar er staðan sú, miðað við fjárlagafrumvarpið 1983, að tilkynna yrði þriðjungslækkun allra framlaga Íslands til alþjóðastofnana vegna þróunarmála. Það er m. a. álit utanríkisráðuneytisins, að slík lækkun yrði Íslendingum verulegur álitshnekkir.

Það er ekki vansalaust fyrir Íslendinga, sem hafa búið við einhver bestu kjör er um getur í heiminum, að hafa ekki ráð á því að veita snauðum þróunarlöndum nema brot af þeirri aðstoð sem aðrar þjóðir veita.

Á þessu ári er áætlað að framlögin verði 0,07% af þjóðarframleiðslu.

Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu nær samhljóða tillögu á síðasta þingi. Með þessari þingsályktunartillögu er stefnt að því tvíþætta markmiði, að Alþingi ákveði annars vegar að ná settu marki í þróunaraðstoð innan fimm ára og hins vegar að Þróunarsamvinnustofnun Íslands fái tækifæri til að vinna skipulega að þessu verkefni.

Með þessari tillögu er fylgiskjal sem í eru margvíslegar upplýsingar sem utanríkisráðuneytið hefur tekið saman og sent fjárveitinganefnd vegna framlaga á fjárlögum 1983. — Þessi gögn frá utanríkisráðuneytinu segja meiri sögu en löng greinargerð.

## Fylgiskjal

### UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

9. nóvember 1982.

Ráðuneytið leyfir sér hér með að leita atbeina hæstvirktrar fjárveitinganefndar vegna framlaga á fjárlögum 1983 er varða aðstoð Íslands við þróunarlönd.

Við frumundirbúning fjárlagafrumvarps lagði utanríkisráðuneytið fram áætlun um framlög til þróunaraðstoðar á árinu 1983 samtals að fjárhæð kr. 64 735 000, sbr. hjálagt fskj. Var þar stefnt að því, að heildarframlög Íslands til þróunarmála nemi 0.16% af áætlaðri þjóðarframlæiðslu. Við gerð fjárlaga 1982 var átak gert til að auka framlög til þróunaraðstoðar og var það af hálfu utanríkisráðuneytisins túlkað sem fyrsta skref að því marki, að framlög hins opinbera verði 0.7% af þjóðarframlæiðslu. Á árinu 1982 er áætlað að framlögin verði 0.07% af þjóðarframlæiðslu, en gætu orðið 0.11%, ef með er talið 10 milljóna kr. framlag til niðurskurðar á sauðfé, sem rætt er um að gefa til Póllands og Líbanon.

Í fjárlagafrumvarpi 1983 er gert ráð fyrir að framlög **til þróunarmála nemi kr. 26 631 000, eða um 0.065 af áætlaðri þjóðarframlæiðslu.** Ljóst er að þar með lækka framlög þessi sem hlutfall af þjóðarframlæiðslu frá því sem nú er.

Ráðuneytinu er vel ljós alvarleg staða þjóðarbúsins og að nú eru e. t. v. ekki aðstæður til að stíga stórt skref til aukningar á framlögum til þróunaraðstoðar. Hins vegar verður að telja lágmark að haldið verði í horfinu og að framlögin lækki ekki.

Verður nú gerð grein fyrir þeim framlögum sem ráðuneytið telur brýnt að hækki frá því sem nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi.

#### **I. Háskóli Sameinuðu þjóðanna — jarðhitadeild.**

Um þriggja ára skeið hefur starfað hér á landi deild úr Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem annast fræðslu um jarðhitaleit og jarðhitánýtingu. Hafa samtals um 15 nemendur frá þróunarlöndum hlotið þjálfun til þessa. Jarðhitaskólinn starfar á grundvelli samnings milli Orkustofnunar og Háskóla S. þ., sem fyrst tók gildi 1. mars 1979. Framlög til skólans hafa verið á fjárlögum utanríkisráðuneytisins. Samningurinn um rekstur skólans var framlengdur um 1 ár á s. l. ári og nú liggur fyrir ríkisstjórninni tillaga utanríkisráðherra um framlengingu samningsins til eins eða tveggja ára.

Sú stefnubreyting hefur orðið hjá Háskóla Sameinuðu þjóðanna, að hann er ekki lengur reiðubúinn að leggja fram hluta rekstrarútgjalda, heldur einungis fé, sem nægi til greiðslu fargjalda og dvalarkostnaðar styrkþega frá þróunarríkjum. Einnig hefur komið fram sú stefna Háskóla S. þ., að eftir árslok 1984 muni skólinn hætta greiðslu ferða- og dvalarstyrkja og láta rekstrarrikinu, þ. e. Íslandi, eftir að fjármagna jarðhitadeildina að öllu leyti, e. t. v. með stuðningi Þróunarstofnunar S. þ. eða annarra sérstofnana.

Utanríkisráðherra er þeirrar skoðunar, að forsendur fyrir rekstri jarðhitadeildarinnar hér á landi hafi verulega breyst með þessari einhliða ákvörðun háskólans og því þurfi að taka til nánari skoðunar framhald á rekstri deildarinnar. Þurfi þeirri athugun að vera lokið tímanlega áður en háskólinn áformar að hætta greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar styrkþega á árinu 1984.

Hins vegar telur utanríkisráðherra ekki fært að leggja jarðhitadeildina niður strax frá næstu áramótum eða skerða svo rekstur hennar að hún verði varla nema nafnið tómt. Slík aðgerð nú myndi valda Íslandi álitshnekki á alþjóðavettvangi, ekki síst með hliðsjón af þeirri miklu áherslu, sem á það var lögð á sínum tíma að fá deildina til Íslands.

Ósk utanríkisráðherra er því sú, að deildinni verði gert kleift að starfa á sama hátt og áður á næsta ári og það bil þá brúað af Íslendingum, sem komið er til vegna ákvörðunar háskólans. Jafnframt verði tíminn notaður til að kanna fjárhagsgrundvöll deildarinnar þegar háskólinn hættir framlögum til hennar.

Hefur málið verið lagt fyrir ríkisstjórnina og er tillaga utanríkisráðherra að ríkisstjórnin mæli með því við fjárveitinganefnd, að framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna — jarðhitadeildar verði hækkað úr kr. 1 850 000 upp í kr. 3 108 000, eða um kr. 1 258 000. Hjálagt fylgir rekstraráætlun jarðhitadeildar.

## II. Framlög til alþjóðastofnana vegna þróunaraðstoðar.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að framlög til alþjóðastofnana vegna þróunaraðstoðar hækki um 33% frá fjárlögum 1982. Nær allar þessar stofnanir nota dollara í fjárlagsáætlunum sínum og eru framlög einstakra ríkja tilkynnt í dollurum. **Vegna mikilla breytinga á gengi íslenskrar krónu er staðan nú sú, miðað við fjárlagafrumvarpið, að tilkynna yrði þriðjungslækkun allra framlaga Íslands til alþjóðastofnana vegna þróunarmála. Yrði það Íslandi verulegur álitshnekkir.**

Framlög Íslands til þessara stofnana eru hlutfallslega lág og væri ástæða til að hækka þau verulega, svo sem tillögur utanríkisráðuneytisins gerðu ráð fyrir. Algjört lágmark verður að telja að framlögin haldist óbreytt í erlendri mynt frá því sem nú er. Til þess að ná því marki þurfa framlögin að hækka um kr. 1 623 100, en ef framlagið til Þróunaraðstoðar S. þ. (UNDP), sem tilkynnt er og greitt í íslenskri mynt, er tekið út úr myndinni, er nauðsynleg hækkun kr. 881 500. Hjálagt fylgir yfirlit um framlög þessi.

## III. Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Með lögum nr. 43/1981 um Þróunarsamvinnustofnun Íslands var lagður nýr grundvöllur að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarríkin. Af umræðum á Alþingi undanfarin ár virðist mega ráða eindreginn stuðning við eflingu stofnunarinnar og að henni verði gert kleift að færa út kvíarnar.

Stofnunin gerði tillögur um að fjárveitingar til hennar árið 1983 næmu 25 milljónum króna. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að fjárveitingin verði 12.4 milljónir króna. Er þá við það miðað að áframhald verði á aðstoð stofnunarinnar við Cabo Verde, en ekkert svigrúm til athugana eða undirbúnings nýrra verkefna.

Minnisblað til utanríkisráðuneytis  
frá Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

### Varðar framlag á fjárlögum 1983 til jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Þau fjögur ár, sem Jarðhitaskóli HSþ. hefur verið starfræktur hefur framlag íslenska ríkisins verið sem hér segir (upphæðir í \$ miðast við gengi þann dag sem Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur verið tilkynnt framlagið, sem er venjulega í vikunni eftir að fjárlög eru samþykkt á Alþingi):

		kr.	\$
Fjárveiting .....	1979	332 000	99 000
Fjárveiting .....	1980	456 000	105 556
Fjárveiting .....	1981	661 000	110 702
Fjárveiting .....	1982	1 045 000*	125 752
Fjárlagafrumvarp .....	1983	1 850	119 048

\* Var 1 100 000 kr. eða 132 253 \$ fyrir niðurskurð í mars 1982.

Árin 1979—1982 hefur Háskóli Sameinuðu þjóðanna greitt námsstyrki og erlendan ferðakostnað 6—7 nemenda árlega og auk þess veitt Jarðhitaskólanum styrki að upphæð 60 000—70 000 \$ árlega til reksturs og tækjakaupa.

Eins og fram kemur í greinargerð um kostnaðaráætlun Jarðhitaskólans fyrir 1983, dags. 1982. 05.26, hefur HSþ. tilkynnt að vegna fjárhagsörðugleika og stefnubreytingar í rekstri muni HSþ. einungis greiða ferða- og dvalarkostnað styrkþega 1983 (alls 65 000 \$ sem svarar til sjö styrkþega), en ekki veita neinn styrk til reksturs Jarðhitaskólans, enda mun HSþ. í framtíðinni einungis veita rekstrarstyrki til stofnana í þróunarlöndum. Því var farið fram á í tillögum Orkustofnunar að íslenska fjárveitingin 1983 hækkaði sem nemur niðurfelldum rekstrarstyrk HSþ. svo og að íslenska fjárveitingin dygði til greiðslu námsstyrkja til þriggja styrkþega frá þróunarlöndunum.

Alls var farið fram á að íslenska fjárveitingin yrði **2 614 259 kr.** eða **248 974 \$** miðað við gengi í maí 1982 eða **3 869 056 kr.** miðað við gengi 19. september 1982. Í fjárlaga-frumvarpi 1983 er gert ráð fyrir að fjárveiting til Jarðhitaskóla HSþ. nemi **1 850 000 kr.** eða **119 048 \$** á núverandi gengi. Þótt felldir væru niður þrír íslenskir námsstyrkir til þróunarlöndanna úr tillögu Orkustofnunar er gjörsamlega vonlaust að reyna að reka Jarðhitaskólann með þessari fjárveitingu. Undanfarin ár hefur fjárveiting til Jarðhitaskólans ekki verið hækkuð vegna umsaminnna launahækkana eins og títt er um ríkisstofnanir. Fjárveitingatillagan er í raun lækkun frá fjárveitingu 1982, auk þess sem ekkert tillit er tekið til að HSþ. mun fella niður 60 000 \$ styrk, sem Jarðhitaskólinn hefur notið undanfarin ár. Til þess að reka megi Jarðhitaskólann 1983 með svipuðu sniði og undanfarin ár þarf íslenska fjárveitingin að nema að minnsta kosti **3 108 000 kr.** eða **200 000 \$**.

Virðingarfyllst,  
Ingvar Birgir Friðleifsson,  
forstöðumaður Jarðhitaskóla HSþ.

### Alþjóðastofnanir — framlög til þróunaraðstoðar.

Framlög til þróunaraðstoðar, sem tilkynnt og skráð eru í erlendra mynt hjá viðkomandi alþjóðastofnunum. (Reiknuð á gengi pr. 5.11.1982 varðandi framlög 1983, en rauntölur 1982).

03-401: Tillaga utanríkisráðuneytis		Frumvarp 1983	Framlög 1982	Lækkun	%	Lágmarksh. ísl. kr.
0111 Alþjóðabarnahjálparsjóður	USD 500 000	20 750	31 200	10 450	33.5	167 200
0112 Aðstoð við Palestínuflottamenn	— 125 000	9 125	13 700	4 575	33.4	73 200
0113 Flóttamannastofnun S. þj.	— 187 500	28 900	43 300	14 400	33.3	230 400
0115 Matvælaáætlun S. þj.	— 112 500	13 200	19 900	6 700	33.7	107 200
0117 Ýmsir sérsjóðir, Namibía/S.-Afrika o.fl.	— 42 200	10 000	18 600	8 600	46.3	137 600
0143 Neyðarhjálpastofnun S. þj.	— 31 250	5 625	8 500	2 875	33.8	46 000
0146 Mannfjöldasjóður S. þj.	— 3 700	2 500	3 700	1 200	32.4	19 200
Dollarar samtals:	1 002 150	90 100	138 900	48 800	35.0	780 800
0128 Alþjóðaráð Rauða krossins	C HF 55 600	36 000	50 000	14 000	28.0	100 700
Svissn. frankar samtals:	55 600	36 000	50 000	14 000	28.0	100 700

Stærsta einstaka framlagið til þróunaraðstoðar, sem greitt er til alþjóðastofnunar, er framlagið til Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP, viðfangsefni 0110. Það hefur verið tilkynnt og greitt í íslenskum krónum inn á reikning UNDP hjá Seðlabanka Íslands. Ljóst er að þó að framlagið hækki um 33% milli ára, úr 3.6 milljónum í 4.8 milljónir, minnkar raungildi framlagsins fyrir UNDP vegna gengistaps. Í dollurum reiknað er framlagið til UNDP sem hér segir:

0110 Þróunaraðstoð S. þj. ....	USD	937 500	299 250	345 600	46 350	13.4	741 600
--------------------------------	-----	---------	---------	---------	--------	------	---------

Framlag til Alþjóðamatvælasjóðsins, IEFR, viðfangsefni 0147, var í fyrsta sinn á fjárlögum 1982, en var ekki tilkynnt né greitt vegna niðurskurðar á ríkisútgjöldum í ársbyrjun 1982.

#### Niðurstaða:

1. Til að framlög 1983 til þróunaraðstoðar til alþjóðastofnana haldist óbreytt í erlendri mynt (miðað við gengisskráningu 5. nóvember 1982) er því nauðsynlegt að hækka þau samtals um **kr. 881.500**.
2. Til að framlag til Þróunaraðstoðar S. þj. (UNDP) haldist að verðgildi í dollurum, án þess að tekið sé tillit til verðhækkana erlendis, þyrfti framlagið að hækka um **kr. 741 600**.

#### Áætlun um framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar á árinu 1983.

Við fjárlagagerð 1982 var gert átak til aukningar framlaga Íslands til þróunarmála. Tillögur utanríkisráðuneytisins voru að stefnt yrði að því, að framlögin yrðu um 0.1% af vergri þjóðarframléiðslu. Ljóst er að framlög á þessu ári ná ekki því marki. Utanríkisráðuneytið leggur áherslu á að áfram verði haldið að auka framlög til þróunarmála þannig að því markmiði verði náð á nokkrum árum að þessi framlög nemi 1% af vergum þjóðartekjum svo sem Alþingi hefur ályktað.

Æskilegt væri að stefna að því, að framlögin árið 1983 nemi 0.2% af þjóðarframléiðslu. Með hliðsjón af afgreiðslu þessara mála á s. l. ári og aðstæðna í efnahagsmálum er þó ekki gengið svo langt í tillögum ráðuneytisins, heldur miðað við að ná hlutfallinu 0.16% á árinu 1983. Miðað við þær áætlunartölur, sem ráðuneytinu hefur tekist að afla, um að verg þjóðarframléiðsla á árinu 1983 verði rúmlega 40 milljarðar króna, er því lagt til að heildarframlög til þróunarmála verði kr. 64 735 000 sem skiptist þannig:

<b>03-401</b>	<b>Alþjóðastofnanir</b>	
0110	Þróunaraðstoð S. þj. ....	15 000 000
0111	Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn ....	8 000 000
0112	Aðstoð við Palestínufloðamenn ....	2 000 000
0113	Flóttamannastofnun S. þj. ....	3 000 000
0115	Matvælaáætlun S. þj. ....	1 800 000
0117	Namibíusjóður/S.-Afríkusjóður ....	500 000
0128	Alþjóðaráð Rauða krossins ....	400 000
0143	Neyðarhjálpastofnun S. þj. ....	500 000
0146	Mannfjöldasjóður S. þj. ....	60 000
0147	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn ....	200 000
<b>03-399</b>	<b>Ýmis utanríkismál</b>	
0101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands ....	25 000 000
0102	Flóttamannráð Íslands ....	2 000 000
0106	Háskóli Sameinuðu þjóðanna ....	2 615 000
<b>1. gr.</b>	<b>Lánahreyfingar út</b>	
	Alþjóðaframfarastofnunin ....	3 660 000
	<b>Samtals:</b>	<b>64 735 000</b>